



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8 – 10
101 Reykjavík

Reykjavík 25. nóvember 2013

1311097SA TP
Málalykill: 401

Alþingi
Erindi nr. P 143/374
komudagur 25.11.2013

Efni: Umsögn um till. til þál. um útlendinga - 136. mál 143. lþ.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 13. nóvember sl., þar sem ofangreint þingmál er sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Meginefni þingsályktunartillögunnar er að tveimur ráðherrum verði falið að undirbúa frumvarp til heildarlaga um málefni útlendinga. Byggt verði á vinnu sem fram fór á síðasta kjörtímabili en frumvarp þar að lútandi náði ekki fram að ganga fyrir þinglausnir.

Samband íslenskra sveitarfélaga sendi inn umsögn um frumvarp það sem flutningsmenn tillögunnar vísa til og gerði þar margvíslegar athugasemdir við efni og undirbúning málsins (sjá meðf. afrit af bréfi dags. 11. mars 2013). Sérstaklega var bent á að enda þótt fyllsta ástæða væri til þess að fara í heildarendurskoðun á gildandi lögum verði að taka fullt mið af flóknu samspili þeirra við löggjöf á vinnumarkaði og á vettvangi velferðarþjónustu. Jafnframt var tekið fram að mörg ákvæði frumvarpsins væru til bóta.

Sambandið hefur við önnur tækifæri vakið athygli á því að þegar um er að ræða viðamikla málaflokka, sem heyra undir fleiri en eitt ráðuneyti, sé æskilegt að heildarendurskoðun löggjafar byggist á almennri stefnumörkun þar sem eftir atvikum sé tekið af skarið um hlutverkaskiptingu milli ólíkra stjórnvalda. Þessi aðferð (þ.e. útgáfa hvítbóka af hálfu viðkomandi ríkisstjórnar) er víða þekkt og hefur m.a. þann afgerandi kost að draga úr togstreitu milli ráðuneyta og varna því að að til verði grá svæði í stjórnsýslunni, svo sem milli ríkis og sveitarfélaga.

Sambandið mælir því fremur með því að heildarendurskoðun á lögum um útlendinga fari í þennan farveg en að umrædd þingsályktunartillaga nái fram að ganga.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri